

TILLAGA

að starfsreglum um samfélags- og fræðslunefnd þjóðkirkjunnar
(Lagt fyrir 57. kirkjuþing 2018)

Flutt af Hreini S. Hákonarsyni og Örnunni Grétarsdóttur
Frsm.: Hreinn S. Hákonarson.

1. gr.

- Hlutverk samfélags- og fræðslunefndar þjóðkirkjunnar er að eigin frumkvæði eða að ósk einstakra safnaða og kirkjulegra stofnana að boða til funda og málþinga um mál er snerta kirkju og samfélag í því skyni að vekja umræðu innan kirkju sem utan, veita fræðslu og afla sér þekkingar, og koma fram kristnum sjónarhornum.
- Samfélags- og fræðslunefndin skal eftir því sem við á hafa samvinnu við nefndir og stofnanir kirkjunnar um þau málefni sem hún tekur til umfjöllunar.

2. gr.

- Samfélags- og fræðslunefnd þjóðkirkjunnar skilar kirkjuráði árlegri skýrslu, sem fjallað er um af kirkjuþingi.
- Samfélags- og fræðslunefndin gerir starfs- og fjárhagsáætlun sem samþykkt er af kirkjuráði og lögð fyrir kirkjuþing til ályktunar.

3. gr.

- Nýkjörið kirkjuþing kýs tvo menn í samfélags- og fræðslunefnd þjóðkirkjunnar að tillögu forsætisnefndar til fjögurra ára og jafnmarga til vara. Verkefnastjóri fræðslumála, verkefnisstjóri kærleiksþjónustusviðs og verkefnastjóri Leikmannaskóla kirkjunnar skulu sitja í nefndinni án tilnefningar. Formaður skal kjörinn sérstaklega. Að öðru leyti skiptir nefndin með sér verkum.

4. gr.

- Samfélags- og fræðslunefnd þjóðkirkjunnar hefur aðsetur í Þjónustumiðstöðinni Háteigskirkju. Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr kirkjumálasjóði og styrkjum er kunna að fást vegna verkefna á vegum nefndarinnar.

5. gr.

- Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu. Jafnframt falla brott starfsreglur um þjóðmálanefnd þjóðkirkjunnar nr. 1028/2007.

Ákvæði til bráðabirgða.

Kosið skal til samfélags- og fræðslunefndar þjóðkirkjunnar samkvæmt starfsreglum þessum á kirkjuþingi 2018 og gildir sú kosning út kjörtímabilið.

Almennar athugasemdir við tillögu þessa.

Samfélags- og fræðslunefnd þjóðkirkjunnar mun leysa þjóðmálanefnd þjóðkirkjunnar af hólmi. Með nýrri nefnd mun hlutverk hinnar niðurfelldu nefndar verða einfaldað, útvíkkað og skilgreint nánar. Auk þess mun skipan hennar verða á breiðari grunni en áður sem tengir hana beint við þau sem gegna forystu í fræðslumálum kirkjunnar og á kærleiksþjónustusviði kirkjunnar sem hefur eðli máls djúpa samfélagslega skírskotun.

Um einstakar greinar tillögunnar.

Um 1. gr.

Hér er hlutverk nefndarinnar skilgreint og lögð áhersla á að hún hafi eftir atvikum samband og samráð við nefndir og kirkjulegar stofnanir um þau málefni sem hún tekur til formlegrar umfjöllunar.

Um 2. gr.

Hér er fjallað um skyldur samfélags- og fræðslunefndar þjóðkirkjunnar gagnvart kirkjustjórninni.

Um 3. gr.

Þessi grein lýsir því hvernig nefndin er valin. Með skipan verkefnastjóra í nefndina á sviði fræðslumála, kærleiksþjónustusviðs og Leikmannaskóla er stefnt að því að þau sem eru í fararbroddi á þessum sviðum verði hryggjarstykkið í starfi nefndarinnar.

Um 4. gr.

Hér segir frá því hvar samfélags- og fræðslunefnd hefur aðsetur sitt, Þjónustumiðstöðinni Háteigskirkju, og hver greiðir kostnað sem kann að hljóta af störfum hennar.